



Þingeyjarsveit

590602-2640
Kjarna - 650 Laugar
Sími: 464 3322 – Bréfsími: 464 3422
thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is
www.thingeyjarsveit.is

Nefndasvið Alþingis

Laugar 19.10.2018

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun til fimm ára 2019-2023 mál nr. 172 og um samgönguáætlun fyrir árin 2019-2033 nr. 173

Umsögn sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar bókuð á fundi þann 18.10.2018:

Sveitarstjórn lýsir ánægju sinni með að í fimm ára samgönguáætlun er gert ráð fyrir að ljúka framkvæmdum við Dettifossveg. Að gefnu tilefni leggur sveitarstjórn þunga áherslu á að staðið verði við fyrirhugaðar framkvæmdir á Bárðardalsveg vestri milli Hringvegur og Hlíðarenda þar sem gert er ráð fyrir að vegurinn verði endurgerður og lagður bundnu slitlagi á árinu 2021. Eins telur sveitarstjórn mikilvægt að áframhaldandi endurgerð Bárðardalsvegur vestri verði hraðað frá því sem fimmtán ára samgönguáætlun gerir ráð fyrir. Sveitarfélagið bendir á að malarvegir innan sveitarfélagsins kalla á gríðarlega mikið viðhald þar sem eyðilegging blasir við þeim vegna stóraukinna umferðar, Fnjóskadalsvegur eystri nr. 835, Útkinnarvegur nr. 851, Sandsvegur nr. 852, Laxárdalsvegur nr. 856 o.fl. Sveitarstjórn lýsir vonbrigðum með að ekki er gert ráð fyrir nýrri tvíbreiðri brú yfir Skjálfandafljót við Goðafoss fyrr en á þriðja tímabili samgönguáætlunar 2029-2033. Þá tekur sveitarstjórn tekur undir bókun bæjarstjórnar Akureyrar frá 16. október s.l. þar sem lýst er miklum vonbrigðum með að í fimm ára samgönguáætlun sé ekki gert ráð fyrir fjármögnun uppbyggingar Akureyrarflugvallar.

Sveitarstjóri
Með kveðju,

Þingeyja Dagbjört Jónsdóttir
Sveitarstjóri Þingeyjarsveitar